

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 125/2020**

**frá 25. september 2020**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1976 frá 25. nóvember 2019 um leyfi til að setja á markað fenýlkapsaísín sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1979 frá 26. nóvember 2019 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa/dífúkósýllaktósa-blöndu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 40.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 62.

- „– **32019 R 1976**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1976 frá 25. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 40),
- **32019 R 1979**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1979 frá 26. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 62).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 171. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/533):
- „172. **32019 R 1976**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1976 frá 25. nóvember 2019 um leyfi til að setja á markað fenýlkapsaísín sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 40).
173. **32019 R 1979**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1979 frá 26. nóvember 2019 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa/dífúkósýllaktósa-blöndu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 62).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2019/1976 og (ESB) nr. 2019/1979, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*formaður.*

ÓOPINBER BÝÐING